1996 nr. 14 11. mars
Lög um flutninga á skipgengum vatnaleiðum vegna aðildar Íslands að Evrópska efnahagssvæðinu

Tóku gildi 15. apríl 1996. *EES-samningurinn:* XIII. viðauki. *Breytt með* l. 162/2010 (tóku gildi 1. jan. 2011) og l. 126/2011 (tóku gildi 30. sept. 2011).

Ef í lögum þessum er getið um ráðherra eða ráðuneyti án þess að málefnasvið sé tilgreint sérstaklega eða til þess vísað, er átt við **samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra** eða **samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti** sem fer með lög þessi.

■ 1. gr.

□ Markmið laga þessara er að tryggja gagnkvæman frjálsan aðgang skipa, sem skráð eru í aðildarríkjum samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, að skipgengum vatnaleiðum innan EES.

■ 2. gr.

□ [Ráðherra][1] er heimilt að setja reglugerðir að því leyti sem það er nauðsynlegt vegna skuldbindinga á grundvelli 1. gr. laga þessara.[2]

[1] *L. 126/2011, 217. gr.* [2] *Augl. 117/1997.*

■ 3. gr.

□ Lög þessi öðlast þegar gildi.

ELDRI ÚTGÁFA